



# Áherslur á Lyngbjalla í október

## Læsi og samskipti

Orðaforðaþema: Ég sjálf/sjálfur.

Við höldum áfram að leggja áherslu á orð sem tengjast okkur sjálfum og fjöllum áfram um orð sem tengjast líkamanum, tilfinningum o.fl.

### *Lubbi finnur málbein*



Við vinnum áfram með málhljóðin Aa, Mm, Nn og Bb en bætum við mál-hljóðinu Dd.

## Sköpun og menning



Við vinnum með fjölbreyttan efnivið. Við vinnum verkefni með skærum og teikningu sem tengjast skráningum í heilsubók barnsins. Einnig höldum við áfram að vinna með litina.

## Heilbrigði og vellíðan

Börnin fara í litlum hópum í íþróttasal leikskólans til hans Badda íþróttakennara. Þar fá börnin tækifæri til að þjálfa grófhreyfingar, jafnvægi o. fl.

## Sjáfbærni og vísindi

Hvað ef..? Hvers vegna…?

Við veltum fyrir okkur ýmsu í tengslum við líkama okkar sjáfra, t.d. spurningum eins og hvers vegna verðum við svöng? …eða hvað gera beinin í líkamanum okkar?

## Viðburðir í skóladagatali

- 1. Skráningar í heilsubók hefjast
- 9. Afmæli leikskólans
- 11. Deildarheimsóknir
- 16. Emilía Klara 3 ára
- 22. Rósa Mjöll 3 ára
- 22. Fyrsti vetrardagur
- 27. Jóhann Atli 3 ára
- Bangsadagur



***Minnum á mikilvægi þess að foreldrar lesi fyrir börnin sín. Á fyrstu árunum felst bókalestur einnig í því að foreldri og barn skoði saman bækur og spjalli saman um þær.***

VIRÐING – UMHYGGJA – SAMVINNA – GLEÐI